

Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoli 2
861 Hvolsvöllur

Reykjavík, 25. júní 2025
UOS2501505/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 5. maí 2025 – Veiðifélag Eystri Rangár – Eyjarlandi, ID 222.

Þann 5. maí sl. fór fram reglubundið eftirlit í Veiðifélag Eystri-Rangár. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varðar:

1. Þegar sýnataka úr frárennslinu er framkvæmd þá skal bæði taka sýni úr innrennsli og frárennsli í hámarks- og lágmarkssýnatökunni.
2. Rekstraraðila var bent á að uppfæra þarf áætlun um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun.
3. Mikið var af lífrænum efnum var í settjörninni. Rekstraraðila var bent á að tæma hana reglulega svo hún virki sem hreinsibúnaður.

Prettán frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.1. í starfsleyfi. Verði breytingar á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um slíka breytingu. Sótt var um handhafabreytingu 28. maí sl. og telst frávikinu því lokað.
2. Gr. 1.5. í starfsleyfi. Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun. Neyðaráætlun var ekki til staðar.
3. Gr. 2.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfis- og orkustofnun ef breyting verður á tengilið. Tilkynning barst 7. maí sl. og telst frávikinu því lokað.
4. Gr 2.3 í starfsleyfi. Töluvert af rusli er á lóðinni sem þarf að fjarlægja og farga á viðeigandi hátt.
5. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Mismunur á sýrustigi í innrennsli og frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatökum sem fóru fram 24.5.2024.

6. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Gildi ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfis í sýnatöku sem fór fram 10.6.2025.
7. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Gildi ammóníaks í frárennsli var yfir mörkum starfsleyfisí sýnatöku sem fór fram 24.05.2025.
8. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Tvær 200 lítra tunnur, ein með maurasýru, ein með formalíni voru geymdar án lekabyttu.
9. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirliti var skilað inn til eftirlitsaðila 27. maí sl. og telst því frávikinu lokað.
10. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnun upplýsingum um losun mengandi efna fra starfstöðinni fyrir 1. maí ár hvert. Grænu bókhaldi hefur ekki verið skilað inn til eftirlitsaðila.
11. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila inn útreikningum vegna fosfórs og niturlosunar í frárennsli. Gögnum var skilað 27. maí sl. og telst því frávikinu lokað.
12. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Starfsleyfið heimilar 20 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma og að hámarki 20 tonna ársframleiðslu. Ársframleiðslan var 22,4 tonn og er það því frávik.
13. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun á fosfór má ekki fara yfir 7,0 kg P/tonn af lífmassa. Losunin reiknaðist 8,5 kg P/tonn og er það því frávik.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. júlí 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits